

056/01 - Elín Ósk KÓ 186

Elín Ósk KÓ 186, eldur í vélarrúmi á Hornvík

Elín Ósk KÓ 186

Skipaskr.nr.: 6512

Smíðaður: Flateyri 1982 Plast

Stærð: 3,21 brl; 4,09 bt

Lengd: 8,21 m **Breidd:** 2,12 m **Dýpt:** 1,01 m

Vél: Volvo Penta 117,60 kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Þann 5. júlí 2001 var Elín Ósk KÓ á Hornvík á Ströndum. Veður: Nokkuð hvass vindur.

Um kl. 20:30 þegar verið var að snúast á Hornvíkinni og undirbúa að leggjast við ból varð skipstjórinn var við reyk frá vélarrúmi bátsins. Við athugun kom í ljós að eldur logaði þar niðri og tókst skipstjóranum að slökkva eldinn fljótlega með sjó. Eftir að eldurinn hafði verið slökktur þurfti skipstjórinn að aftengja rafmagnið að vélinni þar sem startari hennar gekk stöðugt. Skipstjóranum tókst að koma vélinni í gang aftur og afturkallaði aðstoð frá landi sem hann hafði áður óskað eftir.

Við rannsókn kom fram

- að ekki er fulljóst hvað olli brunanum í vélarrúminu;
- að kaplar við alternator voru sviðnir og leiðslur við olíuverkið höfðu skemmst;
- að við skoðun á startaranum kom í ljós að bendix var fastur frammi.

Nefndarálit

Eldsupptök eru óupplýst og því ályktar nefndin ekki í málinu.